



Alþingi
Erindi nr. P 122/291
komudagur 26.11.97

26. nóvember 1997

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Í bréfi dags. 21. nóvember sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, 249. mál. Frumvarp sama efnis var lagt fram á þingi sl. vor og veitti Seðlabankinn umsögn um það í bréfi til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 25. apríl 1997.

Við endurskoðun frumvarpsins í sumar og haust voru athugasemdir bankans teknar til greina að einni undanskilinni, þ.e. um gengisáhættu í einstakri mynt sem kveðið er á um í 6. mgr. 36. gr. Seðlabankinn telur nauðsynlegt að áréttta þá tillögu sína að kveðið verði í lögnum á um gengisáhættu í einstökum gjaldmiðlum sem sé lægra hlutfall af hreinni eign en almenn gengisáhætta. Þetta er mjög mikilvægt atriði ekki síst vegna þess að gengi einstakra mynta gagnvart krónu sveiflast yfirleitt mun meira en gengi krónunnar gagnvart safni mynta. Meiri áhætta er því tengd einstökum myntum og því ríkari ástæða til þess að takmarka gengisáhættu í þeim heldur en í heild. Eins og frumvarpstextinn er nú gæti lífeyrissjóður bundið 40% af hreinni eign í einum erlendum gjaldmiðli. Lagt er til að viðeigandi málsgrein í 36. gr. orðist svo: *Lífeyrissjóður skal takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 40% af hreinni eign sjóðins og við 15% í einstökum gjaldmiðlum.*

Að tillögu Seðlabankans var 1. ml. 45. gr. breytt og bankanum veitt heimild til þess að ákveða viðurlög í formi dagsekta o.s.frv. Hins vegar var bætt við að bankanum sé þetta heimilt *að fengnum tillögum bankaeftirlitsins*. Þessi viðbót er óþörf og raunar ankannaleg því bankaeftirlitið er sem kunnugt er deild í Seðlabankanum og ekki þarf að kveða á um tillögugerð innan stofnunarinnar í lögum.

Seðlabankinn bendir einnig á að notkun orðsins *eftirlitsaðili* m.a. í 34. og 35. geti verið óheppileg þar sem um annan aðila er að ræða en þann sem fer með opinbert eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, sbr. IX. kafla.

Einnig skal bent á að á bls. 22 í athugasemdum við frumvarpið, þar sem fjallað er um samninga um lífeyrissparnað, er tekið dæmi um að verðbréfafyrirtæki gæti stofnað *verðbréfasjóð* vegna slíks sparnaðar. Verðbréfasjóðir eru skilgreindir í lögum nr. 10/1993 og ljóst er að samningur um lífeyrissparnað getur ekki fallið undir þá skilgreiningu. Nauðsynlegt er að við þinglega meðferð frumvarpsins verði þetta leiðrétt.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@centbk.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Óþarft er að endurtaka almenn atriði í umsögn bankans frá 25. apríl sl. að öðru leyti en því að Seðlabanki Íslands fagnar fram komnu frumvarpi sem tekur m.a. á þáttum í starfsemi lífeyrissjóða sem bankinn hefur lengi lagt ríka áherslu á að setja þyrfti lög um, sérstaklega um rekstur, fjárvörslu og eftirlit með starfsemi sjóðanna.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Pjetur P. Gunnarsson". The signature is fluid and cursive, with a large initial "P" and a long, sweeping tail.